

**Sp.**

### **644. Tillaga til þingsályktunar**

um ráðstafanir út af læknilausum héruðum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Gísli Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ýtrustu tilraunir og ráðstafanir til þess að útvega nú þegar lækna í þau héruð, sem eru læknilaus, hvort sem það stafar af lausn frá embætti, sjúkleika lækni eða fjarveru.

#### **Greinargerð.**

Nokkur læknihéruð eru nú læknilaus: Reykhólahérað (í það hefur lækni að vísu verið skipaður, en er eigi kominn þangað enn), Flateyjarhérað, Reykjarfjarðarhérað, Hróarstunguhérað. En auk þess eru nokkur héruð raunverulega læknilaus vegna fjarveru eða veikinda héraðslæknisins. Hefur reynzt mjög örðugt að fá lækna til þess að gegna héruðum um stundarsakir í slíkum tilfellum. Þannig hefur héraðslæknirinn í Ólafsvík legið sjúkur síðan í desemberbyrjun, og lækni ekki fengið í staðinn nema um 2 vikna skeið. Hefur lækniinn í Stykkishólmi orðið að sinna Ólafsvíkurhéraði og auk þess Flateyjarhéraði, sem er læknilaust. Hefur hann því orðið að gegna samtímis þrem erfiðum héruðum, en hefur jafnframt með höndum læknistörf við sjúkrahúsið í Stykkishólmi. Er það augljóst, hvílkum örðugleikum og áhættu það veldur, þegar svo geysiumfangsmiklum störfum er hlaðið á einn mann, jafnvel þótt ágætur atorkulækni eigi í hlut.

Læknihéruð í landinu eru nú 50 að tölu. Þegar þess er gætt, að menn með lækni menntun í landinu munu vera um 200 að tölu, sýnist óeðlilegt og óþarft, að baldast þurfi slíkt ófremdarástand, að fjölmenn og viðlend héruð séu læknilaus um langt skeið.

Tillaga þessi fer fram á að skora á ríkisstjórnina að gera ýtrustu tilraunir til þess að ráða bót á þessum vandræðum. Er sjálfsagt, að hún leiti um það samráðs við Læknafélag Íslands og landlækni.